

Nd.

425. Frumvarp til laga

[215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ í 3. málsg. 2. gr. laganna komi: sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu misserin hefur umræða um úrbætur á margháttuðum vandamálum aldraðra verið ofarlega á baugi í fjölmiðlum.

Hafa einstakir þættir þessa vandamáls verið ræddir og komið fram tillögur um margar nútímalegar úrlausnir og einnig þær sem kalla mætti „plástra á neyðina“. Er þá átt við húsnæðismál aldraðra, sem tvímælalaust eru einn þýðingarmesti þáttur þessa vandamáls.

Á nokkrum stöðum hér á landi eru í undirbúningi eða þegar hafnar framkvæmdir, sem eiga að létta á mikilli þörf fyrir sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja og munu um leið létta á sókn í vistun á þau dvalar- og hjúkrunarheimili sem þegar starfa eða eru í byggingu.

Hér er um að ræða einstakar sérhannaðar íbúðir aldraðra og öryrkja, sambyggðar eða sérstæðar, sem fyrirhugað er að byggja í næsta nágrenni þjónustumiðstöðva aldraðra eða heilsugæslustöðvanna, en þær eiga einnig að gegna slíkri þjónustu, flestar fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

Þegar er ljóst, að fólk víðar að en úr því sveitarfélagi, sem slík stöð er staðsett í, vill eignast eða leigja slíkar íbúðir. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi, að fleiri sveitarfélög komi sér saman um og standi fyrir byggingu þeirra eða félagsamtök sem eiga sitt félagssvæði í mörgum sveitarfélögum.

Ef umtalsverður aðflutningur aldraðra af þessum sökum verður til eins sveitarfélags og þeir öðlast sveitfesti þar, má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa fólks, en litlum eða engum skatttekjum á móti.

Þótt enn séu engin bein búsetuhöft á öldruðu fólki og það geti keypt sér hús eða íbúð hvar sem er, aldursins vegna, eða flutt til barna sinna og öðlast sveitfesti af þessum ástæðum, er ljóst að lítið sveitarfélag getur orðið fyrir umtalsverðum fjárútlátum sé um hóp fólks að ræða.

Í lögum nr. 35/1960, um lögheimili, eru í 2. gr. ákvæði um hvar heimili manns skuli teljast.

Í sömu grein er einnig getið undantekninganna, en um þær segir: „Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsuþótar“. — Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, svo framangreint vandamál komi ekki upp, að í stað „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð.“